




Þykkvibær – Borhola 2

Guðmundur Ómar Friðleifsson

Greinargerð GÓF-96-02

Jarðlög

Pykkvibær - Borhola 2



Hola 2 er öll boruð í setlög. Svarf vantar að vísu úr efstu 15 m holunnar (sandur), en þar fyrir neðan er borsvarfið úr illa eða ósamlímdum sandi allt niður í 42 m dýpi. Þar neðan við virðist hún hafa verið boruð í móhellu fyrst og síðan í misharðan sandstein og leirstein. Svarfið úr móhellunni (42-60 m) var þurr og því ekki hreinsað til skoðunnar. Neðan 60 m dýpis var svarfið blautt og öll sýni því skoluð hrein.

Lausi sandurinn efst í holunni er fremur grófur ofan til og að mestu gerður úr misvel rúnuðum glerkornum og basaltvöllum, en jafnframt úr kristalbrotum og brotum úr jarðhitaútfellingum (m.a. zeólítum) sem hljóta að vera ættaðar úr gamla berggrunninum á Suðurlandi.

Móhellan frá 42-60 m virðist vera mynduð í grunnu lóni eða leiru. Í svarfduftinu sjást smágerðar hvítar yrjur sem gætu verið skeldýraleyfar, en duftið var ekki kannað nánar.

Sandsteinninn neðan 60 m dýpis er settist til í sjó, og er hann fínkorna (fínsandur), og lagskiptur og þar á meðal sjást svarfkorn úr siltslinsum. Ofan til í þessu lagi er mikið af skeljaleyfum, sem virðast vera úr kúfskel, kuðung, hrúðurkarli og einhverri ílangri skel, (og trúlega fleiri tegunum). Neðan 70 m er setið glerríkara og skeljaleyfar hverfa að mestu.

Neðst í holunni, 99-105 m, er setið úr fínsilti eða leirsteini.

Ekki er unnt að greina setlög nákvæmlega í svarfi sem safnað er á 3 m fresti, en í heildina tekið virðist sniðið þó sýna eina atburðarrás afflæðis, þ.e. minnkandi sjávar-dýpi með tíma. Setið er mjög fínkornótt neðst (á mestu dýpi), en kornastærð vex síðan heldur með minnkandi hafdýpi. Mikið af skeljaleyfum eru í efstu 10 m sjávarsetsins, en setið ofan 60 m virðist hins vegar vera myndað ofansjávar. Fyrst í grunnu lóni eða í leiru, sem síðan huldist foksandi sem myndaðist í strandnánd því mikið af skeljabrotum eru í neðstu 10 m foksandsins (30-42 m). Foksandur af landrænum toga er hins vegar allsráðandi ofan 30 m dýpi og væntanlega upp til yfirborðs.

Aldur sjávarsetsins neðan 60 m er óþekktur, en það er líklega myndað í lok síðustu ísaldar fyrir um 10 þúsund árum. Gerð verður tilraun til að aldursgreina skeljabrotin, milli 30-40 m, frá 63 m, 66 m, 69 m og 84 m dýpi. Ef greiningar heppnast fást mikils-verðar upplýsingar um setmyndunnarhraða og sjávarstöðubreytingar á síðjökultíma og nútíma, sem e.t.v. er ástæða til að kanna betur í fyllingu tímans.

Guðmundur Ó. Friðleifsson